

Afgreiðsla veiðileyfa verður í Árósum sunnudaginn 2. febrúar frá kl. 14-17 og mánudagskvöldið 3. febrúar frá kl. 20-22. Þeim sem eiga eftir að greiða árgjöld er bent á að gera það fyrir 28. janúar til að geta leyst út veiðileyfi sín.

Sumir velja sér
tvo lífsförunauta
um ævina

Scott
er annar þeirra

Flugustangir með lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:

Intersport
J. Vilhjálmsson
Útillif

Veiðibúðin við Lækinn
Vesturröst

AV047 EB

VILT ÞÚ AUGLÝSA Í ÁRÓÐI?

Áróði er dreift mánaðarlega til ríflega 300 áhugamanna um fluguveiði og því ná þeir sem auglýsa í blaðinu beint til mjög skýrt afmarkaðs markhóps. Hafð samband við Ragnar Hólm, í síma 695 1000, ef þið viljið auglýsa í Áróði.

ARMENN

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu,
Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, ragnarh@akureyri.is.

www.armenn.is / armenn@armenn.is

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Janúar 2003

Aðalfundur Ármanna!

Aðalfundur Ármanna verður haldinn föstudagskvöldið 31. janúar 2003 kl. 20.00 í Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík.

Dagskráin er svohljóðandi:

1. Fundarsetning, skipun fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Skýrsla stjórnar. Umræður.
4. Reikningar félagsins. Umræður og afgreiðsla.
5. Stjórnarkjör og kjör skoðunarmanna.
6. Kaffihlé.
7. Ákvörðun um árgjald og inntökugjald.
8. Lagabreytingar.
9. Önnur mál.

Á fundinum skal kjósa tvo nýja stjórnarmenn en úr stjórn ganga Ásgeir Ásgeirsson og Heiðar Rafn Harðarson. Í stjórn sitja áfram til eins árs: Hjálmar Theódórsson, Jóhanna Benediktsdóttir,

Kristbjörg Sigurfinnsdóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson og Örn Svavarsson.

Tillaga stjórnar um nýja stjórnarmenn: Ragnar H. Björnsson og Viktor Smári Sæmundsson.

Tillaga stjórnar um skoðunarmenn: Sigurður Jónsson, Halldór Lárusson og til vara Sigurður Benjamínsson.

Aðrar tillögur um stjórn og skoðunarmenn hafa ekki komið fram.

Reikningar félagsins liggja frammi hjá gjaldkera vikuna fyrir aðalfund.

Fjölmennið stundvíslega!
Stjórnin

www.armenn.is

fréttir • laus veiðileyfi • áróður • vetrarstarf

Dagskráin í Árósum

Afgreiðsla veiðileyfa verður í Árósum sunnudaginn 2. febrúar frá kl. 14-17 og mánu dagskvöldið 3. febrúar frá kl. 20-22. Þeim sem eiga eftir að greiða árgjöld er bent á að gera það fyrir 28. janúar til að geta leyst út veiðileyfi sín.

Föstudagskvöldið 31. janúar kl. 20.00: Aðalfundur.
Laugardagskvöldið 8. febrúar kl. 19.00: Þorablót Ármanna.

Félagsheimilið er alla jafna opið tvisvar í viku:

Á mánu dagskvöldum eru hnýtingakvöld. Félagarnir setjast niður við þvinguna og hnýta flugurnar sem hann tekur næsta sumar og tók svo grimmt síðasta sumar. Opið er frá 20 - 22.

Á miðvikudagskvöldum er opið hús til skrafs og ráðagerða. Alltaf er heitt á könnunni og menn koma til að bera saman bækur sínar og kanna hvort ekki standist hið fornkvæða að maður er manns gaman.

Minnt er á útleigu á Árósum, góðum veislusal sem tekið hefur algjörum stakkaskiptum eftir miklar endurbætur. Leiga fyrir salinn er 18.000 kr. en að auki greiðast 5.000 kr. í tryggingagjald sem fást endurgreiddar ef menn sjá sjálfir um þrif og frágang að veisluhöldum loknum. Hafið samband við stjórn Ármanna í tæka tíð. Netfang stjórnar er armenn@armenn.is.

Vatnsdalsá - silungasvæðið

St. 1	St. 2	St. 3	St. 4	St.5	St. 6	St. 7	St. 8	St. 9	
40	349	369	511	566	625	629	677	687	

Grímsá

St. 1	St. 2	St. 3	St. 4	St.5	St. 6	St. 7	St. 8
73	349	366/564	362	566/633	590/668	620/684	598

Miðfjarðará

Mán 28. júlí - þri 29. júlí	590	668
Þri 5. ágúst - mið 6. ágúst	Laust!	Laust!
Fim 7. ágúst - fös 8. ágúst	623	623

á fjöll þótt á tindinum sé hér um bil ekkert að finna, nema kannski þoku eða í besta falli súld, aðrir elta litlar hvítar kúlur út um græn-ar grundir, heyrst hef ég að til séu menn sem vita fátt skemmtilegra en að keyra risastóra jeppa upp og niður snjóskafli, sumum líður aldrei betur en þegar þeir horfa á beinar útendingar frá eldhússdagsumræðum á Alþingi og svo mætti lengi telja.

Ég fer hins vegar í veiði – og af hverju? Af því bara.

Ég ætla að halda fund með nýja sambýl-ingnum mínum núna á eftir og lesa yfir hausamótunum á honum. Ræðan verður stutt og ég sé hana fyrir. Ég ætla að segja:

Skilur þú virkilega ekki hvers vegna okkur finnst svona gaman að veiða?

Og þá vona ég að hann segi:

Nei, hvers vegna?

Svarið verður hikstalaust og hróðugt:

Einfalt mál - af því bara.

Ef hann tekur ekki sönsum við svona rökfærslu, sjálfur hámenntaður heimspek-ingurinn, þá verða Goða-pylsurnar í kvöld líklega þær síðustu sem hann fær að njóta í mínum húsum.

Ég þakka áheyrnina.

Góðar stundir.

Ragnar Hólm Ragnarsson # 511

**MUNIÐ ÞORRABLÓT ÁRMANNA
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 8. FEBRÚAR.
ÓBORGANLEG SKEMMTUN MEÐ GÓÐUM
FÉLÖGUM. SKRIFIÐ YKKUR SEM FYRST Á
BLAÐ SEM HANGIR UPPI Í ÁRÓSUM,
EINNIG MÁ BÓKA MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA
PÓST Á NETFANGIÐ ARMENN@ARMENN.IS**

Ennþá laust í kastkennsluna!

Kastkennsla Ármanna hófst 5. janúar sl. og er athygli félagsmanna vakin á því að ennþá er hægt að komast að í febrúar, mars og apríl.

Mætið í ípróttahús Kennaraháskólans við Háteigsveg og skráið ykkur, vini og vandamenn á námskeið meðan enn eru laus pláss.

alls ekki leggja sér til munns því þeir voru baneitraðir – uggarnir sneru öfugt á þeim. Það voru hinir upphaflegu öfuguggar en núna er þetta íslenska þýðingin á pervertisma sem er eitthvað allt annað en gallaður silungur.

Þetta þótti mér gáfuleg svar við torræðu tali hans um náttúru veiðimanna. En hann lét eins og ekkert væri og hélt áfram á sömu nótum.

Nei, ég meina, þið eruð að eltast við einn og einn fisk, borgið öffjár fyrir og bara til þess að kvelja þessi litlu grey – sleppið þeim jafnvel aftur eins og þið fúlsið við matnum.

Pylsubitinn stóð í mér og ég var alveg að verða blár í framan. Ég nennti ekki að eyða frekari orðum á þennan mann en sagði þess í stað að við þyrftum alvarlega að ræða það á morgun hvort þessi reynslutími hans inni á heimili mínu væri ekki bara orðinn nógu langur, og þótt fyrir hefði verið.

Það var og. Ég var skyndilega búinn að fá mig fullsaddan á pylsunum og blaðrinu í þessum - í gæsalöppum - sómakæra prýðismanni sem ég hafði asnast til að taka inn á mig, eins og maður segir.

Ég staulaðist því inn að tölvunni og settist niður með þau heiðarlegu áform í huga að skrifa nú pistil fyrir þáttinn Útrás á Rás 1.

En ég var ekki búinn að skrifa nema örfáir línur þegar síminn hringir. Það var vinkona í Reykjavík sem átti við mig erindi, en hún heyrði víst fljótlega á mér að ég var ekki alveg eins og ég á að mér að vera og þetta varð því heldur þegjandalegt símtal, að minnsta kosti svona til að byrja með.

Loks spurði hún hvort ekki væri allt í lagi. Ég, þessi litla sál sem ég get stundum verið, sagði henni í stuttu máli frá samskiptum mínum við sambýlinginn, sómakæra prýðismanninn, og átti von á uppörvun og hvatningu og huggun. En það var nú öðru nær.

Þetta er alveg rétt hjá honum, sagði vinkonan. Karlar þurfa eitthvað svona til að komast burtu frá fjölskyldunni og geta verið einir og lagt alla ábyrgðina á eiginkonuna. Þeim leggst alltaf eitthvað til – ef það er ekki veiðiskapur þá er það skytteri eða golf eða eitthvað álíka gáfulegt. Þið eruð bara svona.

Núnú? tautaði ég frekjulega. En ég er brjálaður veiðimaður sem á þó hvorki konu né börn, hvernig útskýrirðu það?

Þú ert bara svo skrytinn að það er ekki hægt að útskýra það, sagði þá vinkonan. Og samtalið varð ekki mikið lengra.

Jú, ég spurði hana reyndar líka að því hvernig hún útskýrði að konur væru farnar að veiða í miklu ríkari mæli en áður – þær væru þá ekkert betri en karlarnir – og hún svaraði því til að þær væru líka að flýja ábyrgðina, enda karlar og konur að verða eins að flestu leyti.

Og það var út af þessum tveimur leiðindasamtölum sem ég ákvað þarna við tölvuna mína í gærkvöldi, að hætta við að skrifa um rannsóknir á laxfiskum eða eitthvað annað álíka forvitnilegt – ég var eiginlega ekki lengur í skapi til að fabúlera um þvíumlíkt.

Ég veit að margir telja það hálfgerðan pervertisma að stunda veiðiskap heilu og hálfu sumrin af miklum móð – og aðrir líta eflaust á það sem flótta frá ábyrgð sinni gagnvart fjölskyldunni eða einhverju allt öðru.

Auðvitað er margt undarlegt við framferði fullorðinna manna sem reyna að krækja agnarlitlum önglum skreyttum skræpöttum fjöðrum innan í kjaft misstórra fiska, og eftir nokkur æsandi augnablik, taka þeir jafnvel þessa fallegu fiska og ýta þeim aftur út í pollinn sinn eða ána í von um að þeir lifi lengur og asnist aftur á fluguna þeirra – helst bara strax aftur.

En hvað með það? Auðvitað á ég ekki að eyða dýrmætum 5 eða 6 mínútum í útvarpi til að réttlæta þetta framferði okkar – en samt fannst mér þetta bara vera svo óréttlátar árásir sómakæra prýðismannsins og vinkonunnar, að ég bara verð.

Og ég hugsaði mig þónokkuð lengi um til að finna skothelt svar. Fór alls kyns króka-leiðir og misstóra hringi í hugarum, alltaf að reyna að finna skynsamlega réttlætingu – en komst loks að þessari einföldu niðurstöðu:

Af hverju? Af því bara.

Því menn taka sér ýmislegt fyrir hendur sem er ekki allt jafn gáfulegt. Sumir arka upp

Hlíðarvatn í Selvogi

	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September
1	28,28,28	2,2,488	160,317,582	594,594,594	566,566,566
2	285,285,285	524,556,559	376,376,376	564,564,564	665,665,665
3	676,676,676	524,556,589	386,386,386	564,564,564	652,652,652
4	492,492,492	549,549,549	119,119,119	374,374,374	574,574,574
5	230,246,341	83,83,627	491,491,491	406,406,406	160,160,160
6	665,665,665	662,662,662	588,588,588	566,566,566	586,586,586
7	424,425,456	574,594,658	451,451,451	665,665,665	647,647,647
8	387,387,387	440,440,440	649,649,649	657,657,657	
9	342,342,342	586,586,586	230,230,230	657,657,657	
10	337,337,661	150,150,150	341,341,341	583,583,583	677,677,677
11	583,583,583	537,537,537	594,620,684	652,652,652	
12	406,406,406	544,544,544	658,658,658	451,451,451	
13	407,407,407	97,97,272	357,308,299	466,466,466	386,387,407
14	139,139,139	527,527,527	424,424,424	469,469,469	386,387,407
15	73,314,385	496,496,496	425,425,425	342,342,342	
16	6,440,440	574,574,574	349,349,385	493,493,493	
17	206,275,275	535,535,535	206,206,206	635,635,635	451,451,451
18	657,657,657	138,138,138	676,676,676	550,550,550	434,434,434
19	300,300,300	632,632,632	687,687,687	625,625,625	549,549,549
20	685,685,685	367,367,367	63,63,63	668,668,668	492,492,492
21	672,672,672	364,364,364	315,511,587	246,314,451	
22	454,454,454	337,337,661	275,275,275	315,511,587	
23	315,511,587	559,559,559	362,362,362	120,120,120	
24	434,434,434	249,249,249	633,633,633	40,40,40	
25	396,622,622	70,70,70	369,369,369	589,589,589	
26	652,652,652	374,374,374	647,647,647	589,589,589	
27	616,616,616	647,647,647	337,661,661	658,658,658	511,511,511
28	578,578,580	339,340,402	578,578,578	582,582,582	511,511,511
29	383,420,447	550,550,550	629,629,629	527,527,527	
30	426,462,426	623,623,623	314,314,314	527,527,527	
31	504,592,592		214,214,214	662,662,662	

Grenlækur 4. svæði

	Stöng 1	Stöng 2	Stöng 3	Stöng 4
7. - 9. maí	506	506	506	506
9. - 11. maí	348	607	614	651
15. - 18. maí	321	321	321	321
18. - 20. maí	119	456	493	635
20. - 22. maí	578	578	578	578
31. maí - 3. júní				
3. - 5. júní				
5. - 8. júní				
15. - 18. júní	685	685	685	685
18. - 20. júní				
20. - 22. júní				
30. júní - 1. júlí	650	650		
2. - 3. júlí				
3. - 4. júlí				
5. - 6. júlí	650	650		
6. - 8. júlí				
15. - 16. júlí				
17. - 18. júlí				
18. - 20. júlí	506	506		
20. - 22. júlí				
31. júlí - 3. ágúst	440	451	543	672
3. - 6. ágúst				
6. - 8. ágúst				
15. - 18. ágúst	Hraun	Hraun	Hraun	Hraun
18. - 20. ágúst				
20. - 22. ágúst				
30. ágúst - 1. sept.	337	661		
1. - 3. september				
3. - 6. september				
6. - 8. september	523	523	682	682
15. - 18. september				
18. - 20. september				
20. - 22. september	160	160	317	582
30. sept. - 3. okt.				
3. - 6. október				
12. - 14. október	348	607	614	651
14. - 16. október				

Sambýlingurinn

Pistill fyrir þáttinn Útrás á Rás 1, föstudaginn 1. nóvember 2002.

Ágætu hlustendur.

Ég tók inn á mig mann um daginn - það er að segja ég taldi það heillaráð að verða við bón vingaþinglegs náunga sem fór þess á leit við mig, ljós yfirlitum og hæglátur, að ég leigði honum forsofuhverbergið hjá mér að minnsta kosti um stundarsakir.

Auðvitað leist mér ágætlega á það – enda maðurinn með ágæt meðmæli, meira að segja frá einum veiðifélaga mínum – og þetta hlaut því að vera hið besta mál, enda bý ég einn í bærliga stórrí íbúð.

Nema hvað, eftir sex daga sambúð með þessum – í gæsalöppum – sómakæra prýðis-manni, eru farnar að renna á mig tvær grímur.

Við elduðum okkur Goða-pylsur í gærkvöldi með tómatsósu og sérlega sterku Dijon sinnepi – það kunna karlmenn upp á

sína tíu fingur. Og þar sem við sátum nú við rauða eldhúsborðið mitt, alsælir með lífið að gæða okkur á þessum veislukosti, þá segir vinurinn allt í einu upp úr þurru:

Þú ert mikið að veiða, er það ekki?

Jú jú, segi ég hróðugur.

Það varð þónokkuð löng þögn og hann fór að sækja sér aðra pylsu í pottinn. Ég horfði á þennan geðuga náunga og spurði:

En þú? Ert þú veiðimaður?

Það hnussaði í honum, hann sneri sér að mér og sagði snúðugur:

Ég? Veiðimaður? Þetta er bara pervertismi þessi veiðiskapur. Síðan tróð hann upp í sig heilli pylsu með öllu eins og ekkert hefði í skorist og ekkert væri sjálfsagðara.

Maðurinn hlaut að vera að grínast og þess vegna tók ég þessu létt, svona fyrst um sinn.

“Pervertismi?” Þú hefur heyrt þjóðsöguna um öfuguggana? Það voru silungar í litlum pollum upp til heiða sem ekki mátti veiða og



Bjarni Brynjólfsson, fulltrúi Ármanna í stjórn Landssambands stangaveiðifélaga, og Jóhanna Benediktstóttir, formaður Ármanna, á aðalfundi LS sem haldinn var í Reykjavík 16. nóvember.